

Sp.

632. Tillaga til þingsályktunar

um breytingar á löggjöfinni um búnaðarskóla landsins.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta þing frv. til laga um búnaðarskóla landsins á Hólum og Hvanneyri þess efnis, að kennslan í báðum skólunum verði aðallega verkleg og námstíminn 9½ mánuður í einu lagi fyrir hvern nemanda, frá miðjum september til júniloka.

Greinargerð.

Saga íslenskra búnaðarskólamála er full af eftirtektarverðum mistökum, en ætíð hefur komið fram hjá leiðtogum bænda virðingarverður áhugi fyrir búnaðarnámi. Fáum árum eftir, að landið fékk nokkur umráð yfir sínum málum (1874), komust á fót 4 bændaskólar, einn í hverjum fjórðungi. Landssjóður, ömtin og einstakir menn lögðu fram fé til þessara framkvæmda. Námstíminn var tvö ár. Á vorin og sumrin unnu nemendur að öllum venjulegum bústörfum utan húss með skólastjórum og kennurum, en á veturnum var að mestu bókleg kennsla. Ólafsdalsskóli hafði mest áhrif, en var minnst studdur af mannfélaginu. Að lokum varð Torfi Bjarnason skólastjóri að gefast upp með sinn skóla eftir að hafa sýnt löndum sínum, hvernig búnaðarskóli átti að vera, og framkvæmt fyrstu stóru umbótina í íslenskum nútímabúskap, þ. e. að heita hestverkfærum við vinnuna í stað þess að nota mannsorkuna sem aðalhreyfiafl við framleiðslustörfin.

Þegar leið að aldamótum, var orðið áberandi, hve bændaskólarnir voru illa sóttir. Varð það til þess, að forráðamenn þjóðarinnar gerbreyttu kennslunni. Skólarnir á Eiðum og í Ólafsdal voru lagðir niður, en tekin upp bókleg kennsla á Hólum

og Hvanneyri, miðað við tvo vetur. Nokkur verkleg kennsla var látin fylgja á vorin. Bar hún í fyrstu nokkurn árangur, einkum meðan Sigurður Sigurðsson var að skapa gróðrarstöðina á Akureyri. Mikil aðsókn var að Hólum og Hvanneyri, eftir að bóklega kennslan hófst. Notuðu ungir menn skóla þessa sem almennar bókfræðistofnanir án þess að hafa í huga að búa sig undir bóndastarfið. Voru fyrstu skólastjórnarnir, Halldór Vilhjálmsson og Sigurður Sigurðsson, skörungar og vakningarmenn, svo að af bar. En jafnvel í þeirra tíð sótti mjög í það horf, að hinir ungu búfræðingar leituðu að léttivinnu í bæjunum, engu síður en menn úr almennu fræðsluskólunum. Auk þess þótti bændunum, sem heima sátu, sem hinir búnaðarskólalagengnu menn hefðu að vísu fengið aukna bókþekkingu, en kynnu lítt til hagnýtra verka fram yfir aðra sveitamenn. Eftir að héraðsskólar og gagnfræðaskólar tóku til starfa og höfðu að sumu leyti betri skilyrði um húsakost og íþróttir, tók að draga úr aðsókn að bændaskólunum og það svo mjög, að í haust, sem leið, voru ekki nema 9 nýsveinar í hvorum búnaðarskóla. Ef Skálholtsskóli hefði þá verið tekinn til starfa, mundu hafa verið 6 nýir nemendur í hverjum hinna þriggja bændaskóla.

Reynslan sýnir, að bændaskólarnir njóta ekki nægilega mikillar tiltrúar frá hálfu hinna uppvaxandi bændaefna. Þetta er eðlilegt. Íslenskum bændaefnum hentar ekki tveggja vetra bóklegt nám, sem er að mjög verulegu leyti smámynd af námi í búnaðarháskólum annarra norrænna þjóða. Nemendur þeirra skóla eiga að verða launamenn og búa sig undir þess háttar störf. Hlutverk íslensku búnaðarskólanna er að búa nemendur sína undir framleiðslustörf í sveit við íslensk náttúruskilyrði. Hin litla aðsókn að búnaðarskólunum stafar af skipulaginu, en ekki af vantrú sveitafólks á kennurum þessara skóla, því að þar er um að ræða mjög dugandi, vel menntaða og áhugasama menn. Ekkert skýrir betur, að óheppilegt fyrirkomulag stendur bændaskólunum fyrir þrifum og hver er hin sanna ástæða til, að bændaefni leita þangað minna en skyldi, heldur en samanburður við húsmæðraskóla sveitanna. Þeir eru margir og stöðugt beðið um fleiri. Þeir eru alltaf fullskipaðir, og komast færri að en vilja. Á Laugarvatni eru sum ár 150 umsóknir um húsmæðradeildina, en ekki húsrúm fyrir meira en 20. Svipuð er sagan um alla hina húsmæðraskólana. Það mun með réttu verða talinn varanlegur heiður íslenskra kvenna að hafa af eigin rammleik mótað sitt eigið skólaskipulag. Þær láta kenna hin daglegu störf kvenna, eins og þau eru á hverju heimili: matseld, sauma, þvottastörf og vefnað. Samhliða verklega náminu er bætt við nokkru bóknámi, en hin hagnýta vinna er aðalatriðið. Konur sækja þessa skóla svo mjög, af því að þær trúa því, að vinnunámið geri þær færari til að taka þátt í lífsbaráttunni. Aftur á móti hefur stöðugt fylgt hinum bóklærðu búfræðingum nokkur efi um, að þeir yrðu að öllu samtöldu betri bændur eftir skólaveruna.

Um nokkur ár hefur verið reynt að koma við vinnukennslu að sumrinu til á Hólum og Hvanneyri. Tilgangurinn var, að hver nemandi hefði þar verklegt nám í eitt sumar. En á undangengnum dýrtíðararum hefur þetta vinnunám ekki verið vinsælt. Margir meðal hinna ungu manna sögðu, að í fólksleysinu þyrftu þeir að vinna heima hjá foreldrum sínum um sláttinn. Auk þess hafa sumir þessir nemendur haldið því fram, að sveitamenn kynnu nú nokkuð jafnt til heyskaparverka og væri þar sízt þörf á skólakennslu.

Hér er byggt á þeirri reynslu, að erfitt sé fyrir bændaefni að vera að heiman um sláttinn og að við heyskap megi treysta allmikið á vinnuþenning heimilanna. Þess vegna er hér lagt til, að nemendur í bændaskólunum komi þangað í sláttarlok. Þeir geta, ef vel er á haldið, eftir þann tíma tekið þátt í votheysverkun og upptöku og meðferð garðmetis. Síðan kemur að því að taka sundur, smyrja og búa hæfilega um allar verkvélar frá sumrinu. Þar næst er tækifæri til að kenna að stjórna og hirða bifreiðar og bifvélar, sem mjög verða notaðar við allan búrekstur. Mikill vandi er að mjólka með vélum og að hirða öll þar til heyrandi tæki svo sem vera ber. Búfjárhirðing hefur aldrei verið kennd að gagni í búnaðarskólum og ekki heldur kynbætur húsdýra, nema með bóklestri. Þetta er höfuðsynd, og er jafnauðsynlegt, að bænda-

efni kunni öll nauðsynleg vinnubrögð við hirðingu húsdýranna, eins og að húsmóðurefni kunni matseld og þvottastörf. Samhliða þessari kennslu þarf að hafa góð og margbreytt verkstæði, líkt og byrjað var á í Ólafsdal í tíð Torfa Bjarnasonar. Góðir bændur þurfa að vera hagir á tré og járn og geta gert við einfaldar bilanir á verkvélum og bifreiðum. Svo mjög hefur forkólfum búnaðarmálanna skotizt yfir rétt rök í þessu máli, að eftir áratuga kennslustörf á Hvanneyri og margháttaðar og dýrar framkvæmdir, þá er þar enn ekki neitt hús, sem getur kallazt smíðaverkstæði. Fátt sýnir betur, hve brýn þörf er á gerbreytingu á öllu skipulagi bændaskólanna. Hér er lagt til, að nemendur geti stundað margháttaða útivinnu við jarðrækt og garðrækt í maí og júní. Á þeim tíma geta bændaeftin numið hinar beztu aðferðir við jarðvinnslu, sáningu og vorverk í matjurtagörðum. Allan skólatímamann ætti að hafa nokkra bóklega fræðslu í samræmi við verklegu kennsluna. Auk þess ætti að halda í bændaskólunum vekjandi fyrirlestra um líf og menningu bænda á Íslandi á liðnum öldum og nú á dögum og um framtíð þessarar atvinnugreinar undir nútíma-kringumstæðum. Á sama hátt ætti að gefa bændaeftunum yfirlit um sögu íslenzkra bókmennta, frá því landið byggðist og leitast við að hjálpa þeim til að unna því og meta, sem bezt hefur verið gert í þeim efnum af snillingum þjóðarinnar. Íslenzkir bændur hafa verið bókmenntamenn, og menning byggðanna visnar, ef hún verður eingöngu efniskennd og jarðbundin. Að líkindum hefur það verið mesti galli á skóla-menntun bænda, að hún hefur verið of fjarlæg daglegum vinnubrögðum, of mikið tengd erlendum og lítt meltum fróðleik, en allt of fjarri þjóðlegum fræðum.

Eftir að héraðsskólarnir komu til sögunnar, má telja með öllu óþarft og jafnvel óviðeigandi að eyða tíma búfræðinemenda við almenn fræði, svo sem erlend tungumál. Búnaðarskólarnir verða að geta byggt á almennri fræðslu, sem fengin er í héraðs- og gagnfræðaskólunum, og snúa sér eingöngu að hagnýtri búnaðarfræðslu og þeirri vakningu, sem aldrei verður fengin með yfirheyrslum um hálfframandi efni. Alþingi hefur nýverið með sérstakri ógætni samið lög um þriðja bændaskólann, sem getur ekki kostað minna en 10 milljónir króna fullbúinn. Samkvæmt löggjöfinni á þessi skóli að vera sniðinn í sama móti eins og hinir eldri, sem sýnilega þarf að gerbreyta, ef þeir eiga að geta unnið sitt hlutverk. Með því að gera Hóla- og Hvanneyrarskóla að eins vetrar stofnunum geta þeir tekið á móti eitt hundrað námssveinum árlega, og er vafasamt, hvort meiri þörf er fyrir húsrúm í bændaskólum fyrst um sinn. Má þá spara nýbyggðina í Skálholti. Hins vegar þarf að auka til stórra muna vinnustofur og smiðjur á gömlu búnaðarskólunum, og er það illa farið, að það hefur ekki verið gert fyrr. Ef það kemur í ljós, að ekki eru nóg verkefni á vorin handa öllum búfræðingunum heima á skólunum, er hægurinn hjá að láta hæfilega stóra vinnuflokka frá þeim starfa að jarðabótum og garðvinnu hjá bændum í nágrenninu.

Nú er byrjuð bókfræðileg framhaldsdeild á Hvanneyri. Slik deild er sjálfsögð, engu síður þó að skólarnir hneigist í verklega átt. En að öllum líkindum þarf að breyta þeirri deild eins og bændaskólunum og miða starf hennar að öllu leyti við íslenzka staðhætti, en ekki erlendar fyrirmyndir.